

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 70 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast 25. júlí þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

fyrir

**lendingarsjóð í Hnífsdal.**

**71**  
31. júlí

### 1. gr.

Af öllum skipum undir 30 smálestir, sem fiskveiðar eða hverskonar aðra veiði stunda frá Hnífsdal, eigi skemur en 1 mánuð í senn, svo og öðrum skipum er leggja þar á land afla sinn, skal greiða í lendingarsjóð  $\frac{1}{2}\%$  — hálfan af hundraði — af brúttó afla. Skip, sem leggja afla sinn á land hluta af vertíð og greitt hafa lendingarsjóðsgjald fyrir þá vertíð í öðrum hreppi innan N.-Ísafjarðarsýslu, greiða þó ekkert gjald.

### 2. gr.

Árið skiptist í 2 vertíðir. Vor- og sumar-vertíð frá páskum til gangna og haust- og vetrar-vertíð frá göngum til páska.

Formaður greiði gjaldið í peningum af óskiptum afla í hvert skipti og aflskipti fara fram, þó í síðasta lagi fyrir lok hveðrar vertíðar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Hreppsnefnd innheimtir gjaldið og reiknast 2% innheimtulaun. Taka má gjaldið lögtaki á kostnað gjaldanda.

### 3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða og sendir hana ásamt gjaldinu oddvita sýslunefndar fyrir 1. desember ár hvert.

71

31. júlí

4. gr.

Gjaldið skal ávaxta í sérstökum sjóði, sem kallast Lendingarsjóður Hnífsdals. Annast sýslunefndin um að sjóðurinn sé ávaxtaður á sem trygg-  
astan og arðvænlegastan hátt.

5. gr.

Fé sjóðsins skal varið til þess að bæta bátalegu og lendingu í Hnífsdal. Sýslunefnd ákveður hvenær veita skal fé úr sjóðnum til lendingar og hafnarbóta.

6. gr.

Með samþykkt þessari eru öll þau ákvæði í eldri samþykktum úr gildi fallin, að svo miklu leyti sem þau taka til lendingarsjóðs í Hnífsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu, hefir sam-  
ið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember  
1917 til þess að öðlast gildi 1. september 1930, og birtist til eftirbreytni öllum,  
sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1930.*

Í fjarveru ráðherra.

**Vigfús Einarsson.**

---

*Jón Gunnlaugsson.*

72

7. ágúst

## S A M Þ Y K K T

um

lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til sölubúða kaupmanna, kaupfélaga,  
iðnaðarmanna, bæjarfélagsins, ríkisins og annara, hverju nafni sem nefnast.

2. gr.

Sölubúðir skal ekki opnan fyrr en kl. 8 árdegis og loka eigi síðar en  
kl. 7 síðdegis.